



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Borgartún 33
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2026

Efni: Gjöld vegna endurtökuprófa og sjúkraprófa í framhaldsskólum

Umboðsmanni barna hefur borist ábending um gjaldtöku vegna endurtökuprófa og sjúkraprófa í framhaldsskólum.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi, sbr. 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla er fjallað í 45. gr. laganna. Í ákvæðinu er m.a. kveðið á um heimild til innritunargjalds auk heimildar framhaldsskóla til að innheimta gjald af nemendum fyrir valkvæða starfsemi sem í boði er, svo sem námsferðir, safnferðir eða leikhúsferðir. Þá er kveðið á um heimild til að taka gjald af nemendum vegna náms utan reglubundins daglegs starfstíma framhaldsskóla. Ráðherra er enn fremur veitt heimild til að setja reglugerð um gjaldtöku framhaldsskóla.

Í núgildandi reglugerð nr. 614/6009 um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla segir í 7. gr. að framhaldsskólum sé heimilt að innheimta gjald fyrir aðra þjónustu sem í boði er og telst ekki vera hluti af eða leiða af lögbundnu hlutverki skóla. Gjaldið taki til þátta eins og útgáfu skírteina, aðgangs að þráðlausu neti, tölvuforritum, útgáfu netfangs, gagnapláss, skápaleigu, prentunar, fjölfjöldunar og bílastæðis.

Athygli vekur að í reglugerð nr. 333/1997 um endurinnritunargjald í framhaldsskólum, sem felld var á brott með áðurnefndri reglugerð nr. 614/2009, sagði í 1. gr. að óheimilt hafi verið að innheimta gjald samkvæmt reglugerðinni vegna endurtökuprófa eða sjúkraprófa.

Í núgildandi reglugerð er hins vegar hvergi fjallað sérstaklega um heimild til gjaldtöku vegna endurtökuprófa eða sjúkraprófa. Þrátt fyrir það gera gjaldskrár sumra framhaldsskóla ráð fyrir slíkri gjaldtöku. Þá virðist nokkur munur vera bæði á fjárhæð gjaldanna og því fyrir hvaða tegund prófa gjald er innheimt, þar sem sumir skólar taka gjald vegna sjúkraprófa en aðrir eingöngu vegna endurtökuprófa.

Að mati umboðsmanns barna vekur þetta upp álitafni um hvort nægilega skýr heimild standi til slíkrar gjaldtöku, einkum í ljósi þess að áður gildi skýrt bann við innheimtu gjalda vegna endurtöku- og sjúkraprófa. Þá virðist ekki vera gerður greinarmunur á sjúkraprófum sem nemendur þurfa að þreyta vegna lögmætra forfalla og endurtökuprófum.

Þá verður einnig að líta til þess að endurtökupróf og sjúkrapróf eru eðlilegur þáttur námsmats innan framhaldsskóla. Sérstaklega á það við um sjúkrapróf, þar sem um er að ræða úrræði sem ætlað er að tryggja nemendum rétt til námsmats þegar þeir hafa ekki getað þreytt próf vegna lögmætra forfalla, svo sem veikinda. Verður því ekki séð að heimild til gjaldtöku vegna náms utan reglubundins daglegs starfstíma framhaldsskóla, sbr. 4. mgr. 45. gr. laga um framhaldsskóla, taki samkvæmt orðalagi sínu til sjúkraprófa eða endurtökuprófa. Með því að leggja sérstök gjöld á slíkt námsmat kann að skapast hætta á ójafnræði milli nemenda, einkum eftir efnahag eða félagslegum aðstæðum. Að mati umboðsmanns barns þarf sérstaka og skýra heimild til gjaldtöku vegna slíkra prófa, enda leiðir af lögmætisreglu stjórnisýsluréttar að gjaldtaka stjórnvalda verði ekki byggð á rúmri lögskýringu.

Með hliðsjón af framangreindu óskar umboðsmaður barna eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort gjaldtaka vegna sjúkraprófa og endurtökuprófa samræmist lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla, reglugerð nr. 614/2009 um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla og almennum meginreglum stjórnisýsluréttar um lögmætis- og jafnræðisreglu. Þá er óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort ósamræmi í gjaldtöku vegna sjúkra- og endurtökuprófa milli skóla samræmist stjórnisýslulögum og markmiðum laga um framhaldsskóla.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Þess er óskað að svar berist ekki síðar en 25. júní nk.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna